

# Fundargerð 418. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 6. desember kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson í fjarfundarbúnaði, Hanna Björg Konráðsdóttir, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 417. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 417. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. nóvember 2019.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Norrænt verkefni - Fishing for litter - 1911004HA

Lögð fram tölvupóstssamskipti, dags. í nóvember 2019, um verkefnið - Fishing for litter.

*Stjórn Hafnasambands Íslands telur rétt að kynna verkefnið fyrir íslenskum höfnum.*

### 3. Námskeið fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn - óskað umsagnar - 1911005HA

Lagt fram erindi frá Samgöngustofu, dags. 27. nóvember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn vegna kröfu um námskeið fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn. Einnig lögð fram drög að umsögn um málið og erindi Þorvaldar Guðmundssonar sem hann flutti á hafnafundi árið 2007.

*Stjórn hafnasambandsins samþykkir drög að umsögn og felur starfsmanni að senda hana á Samgöngustofu.*

### 4. Fundur um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum með SFS - 1911002HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og starfsmaður áttu með Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum.

### 5. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Rætt um málefni næsta hafnasambandsþings sem verður haldið 24.-25. september 2020 í Ólafsvík.

Guðmundur Kristjánsson kom inn á fundinn kl. 13:40.

**6. Vegagerðin - Stefna 2020-2025 - 1912001HA**

Lögð fram til kynningar stefna Vegagerðarinnar fyrir árin 2020-2025.

**7. Siglingaverndarráð - óskað tilnefningar - 1802002HA**

Endurtilnefna þarf varamann í Siglingaverndarráð í stað Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur sem látið hefur af störfum sem sveitarstjóri Húnaþings vestra.

*Samþykkt að tilnefna Hönnu Björgu Konráðsdóttur sem varamann í Siglingaverndarráð í stað Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur.*

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Valur Rafn Halldórsson